

Lyfjanefnd getur hafnað umsókn um skráningu sérlyfs á sérlyfjaskrá, ef umsóknargögn eru ófullkomin.

Umsóknargögn um skráningu sérlyfs, sem hafnað er, verða varðveitt í eitt ár frá dagsetningu ákvörðunar nefndarinnar. Fylgiskjölum með slíkum umsóknum verður skilað, ef þess er óskað bréflega innan árs.

12. gr.

Af hverju formi sérlyfs, sem er á sérlyfjaskrá 1. janúar ár hvert, skal greiða árlegt gjald að upphæð kr. 5 000.00, er greiðist sérlyfjasjóði fyrir 1. mars ár hvert.

13. gr.

Ef tvö eða fleiri form sama sérlyfs innihalda mismunandi efni eða mismunandi mikið af sömu efnum, skal greiða árgjald sem um tvö eða fleiri form væri að ræða.

Ráðherra getur veitt undanþágu frá greiðslu skráningargjalds og árgjalds ef sérstakar ástæður mæla með. Umsóknir um slíkar undanþágur sendist ráðuneytinu.

14. gr.

Gjöld samkvæmt 1., 12. og 13. gr. renna í sérlyfjasjóð samkvæmt 62. gr. lyfsölulaga, og er þeim ætlað að standa strauum af kostnaði við störf lyfjanefndar og Lyfjaeffirlits ríkisins. Gjöld þessi eru lögtakskræf.

15. gr.

Brot á reglugerð þessari varða viðurlögum samkvæmt 68. gr. lyfsölulaga nr. 30/1963.

16. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 62. gr. lyfsölulaga nr. 30 29. apríl 1963, sbr. og 2. og 3. gr. laga nr. 85 25. maí 1976 um breyting á þeim lögum, og öðlast þegar gildi. Jafnframt er úr gildi felld reglugerð nr. 48 20. maí 1964 með áorðnum breytingum.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 31. desember 1976.

Matthías Bjarnason.

Almar Grímsson.

REGLUGERÐ

um iðgjöld atvinnurekenda til lífeyristrygginga almannatrygginga árið 1977.

1. gr.

Árið 1977 skulu iðgjöld atvinnurekenda samkv. 25. gr. laga nr. 67 1971 um almannatryggingar vera kr. 440.00 fyrir hverja tryggingarviku.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 67 20. apríl 1971 staðfestist hér með til að öðlast gildi þegar í stað.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 31. desember 1976.

Matthías Bjarnason.

Páll Sigurðsson.